

# #menntaspjall um samfélagsmiðla í námi og kennslu

Á morgun, sunnudag 4. maí, kl. 11-12, verður [#menntaspjall](#) á Twitter um samfélagsmiðla í námi og kennslu. Gestastjórnandi [#menntaspjall](#) er að þessu sinni Svava Pétursdóttir ([@SvavaP](#)), verkefnastjóri [Náttúrutorgs](#) og nýdoktor við Menntavísindsvið. Svava sótti þjálfun á vegum Pestalozziáætlunarinnar um notkun samfélagsmiðla til lýðræðisþátttöku síðasta vetur, síðan hefur hún rætt við og unnið með kennarahópum sem áhuga hafa haft á miðlunum í skólastarfi.



#menntaspjall  
Sunnudaginn 4.maí  
kl. 11.00

á [www.twitter.com](http://www.twitter.com) um:

**Samfélagsmiðla  
í námi og kennslu.**



Gestastjórnandi:  
Svava Pétursdóttir ([@SvavaP](#))

Við höfum birt spurningar með dags fyrirvara til þess að hvetja þátttakendur til að lesa í gegnum spurningarnar og undirbúa jafnvel svörin svo þeir fái meira tíma í að lesa, skoða og svara því sem aðrir segja.

Spurningarnar verða:

1. Hvernig skilur þú orðið samfélagsmiðill?
2. Hvernig nýtir þú samfélagsmiðla í eigin þekkingarleit og símenntun?

3. Hvernig má nota mismunandi samfélagsmiðla með nemendum til náms og samskipta? Hvernig eruð þið að nýta þá í kennslu?
4. Miðlun skólastarfsins útávið, samskipti við foreldra og samfélagið, hverjir eru möguleikarnir?
5. Skil á milli einkalífs og vinnu á samfélagsmiðlum, hver er ykkar upplifun?

Ef tími vinnst til:

- Hvaða umræða hefur átt sér stað í þínum skóla eða hvaða viðmið hafa verið sett varðandi samfélagmiðla, öryggi, persónuvernd, miðlun mynda og vinnu nemenda?
- Hvaða kosti eða galla sjáið þið þegar bornir eru saman almennir samfélagsmiðlar (t.d. Facebook, Twitter, Pintrest) og sérhönnuð námumsjónarkerfi (t.d. Moodle)?

